



Leikskólinn Barnaból 30. október 2006

Auglýsing um breytingu á dvalartilboðum leikskólans Barnabóls

Á fundi Fræðslunefndar 23. október 2006 var samþykkt að fella út tilboð um dvöl frá kl.13:00-17:00 frá og með 1. nóvember 2006 en bjóða þess í stað upp dvalartilboð frá kl. 12:00-16:00.

S. l. ár hafa umsóknir og áhugi á dvalartímanum frá kl.13:00-17:00 farið minnkandi og í dag er engin umsókn um umrætt tilboð og aðeins þrjú börn sem nýta þetta dvalartilboð leikskólans – börn á síðasta aldursári á leikskólanum og að óbreyttu verður þá enginn til að nýta sér þennan dvalartíma eftir sumarfrí. Niðurfelling þessa dvalartilboðs er gerð með fyrirvara um að taka málið upp ef þurfa þykir, en þessi breyting er bæði faglega og rekstrarlega hagkvæm fyrir leikskólastarfið.

Á Fræðslunefndarfundinum 23. október s.l. var einnig samþykkt að frá og með 1. nóvember 2006 gætu foreldrar sótt um að kaupa hádegismat á Lundi, eldri deildinni, með dvalartilboðinu frá kl. 08:00-12.00.

Dvalartilboð Barnabóls eftir 1. nóvember 2006 eru því eftirfarandi:

08:00 -12:00

08:00 -14:00

08:00 -16:00

12:00 -16:00

Með bestu kveðju

Þórunn Bernódusdóttir leikskólastjóri
Leikskólans Barnabóls
Skagaströnd